ÁRSSKÝRSLA 2021



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Aðalfundur Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra haldinn 25. maí 2022 í þjónustumiðstöð Heimilis og skóla, Laugavegi 176, 105 Reykjavík.

Útgefandi: Heimili og skóli - landssamtök foreldra
Laugavegi 176, 4. hæð
105 Reykjavík

Ritstjórn: Arnar Ævarsson
Umbrot og hönnun: Eyrún Eva Haraldsdóttir
Ábyrgðarmaður: Sigrún Edda Eðvarðsdóttir
Prentun: Svansprent

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR 5

1. STJÓRN OG STARFSMENN HEIMILIS OG SKÓLA 6

1.1. Stjórn 6
1.2. Stjórnarfundir 6
1.3. Starfsmenn 6

2. STARFSEMI 7

2.1. Húsnæði 7
2.2. Félagsmenn 7
2.3. Samstarfssamningar 7

3. HELSTU VERKEFNI 7

3.1. Ráðgjöf og upplýsingar 7
3.1.1.Tölfræði 7
3.2. Þjónusta við skólasamfélagið 9
3.3. Fulltrúaráð og svæðasamtök 10
3.4. Foreldraverðlaun Heimilis og skóla 10
3.5. Starfskynning 12
3.6. Heimilin og samskipti 12
3.7. Dagur gegn einelti 12
3.8. Eldri kennir yngri - Jafningjafræðsla 13
3.9. Fræðslusamningar við sveitarfélög 13
3.10. Hlustum.is 13

EFNISYFIRLIT

4. SAFT 13

4.1. Aðgerðaráætlun um örugga netnotkun 13
4.2. SAFT verkefnið á Íslandi 14
4.3. Framkvæmd verkefnisins 14
4.4. Fræðsluerindi 14
4.5. Vefsíður og samfélagsmiðlar 14
4.6. Ábendingahnappur 14
4.7. Alþjóðlegi netöryggisdagurinn 14
4.8. UngSAFT - ungmennaráð SAFT 14
4.9. Evrópuráð um stafræna velferð 15
4.10. Allir um borð! Til Netbæjar! 15
4.11. Ekkert hatur - orðum fylgir ábyrgð 15
4.12. Stafræn borgaravitund foreldra 15
4.13. Snjallvagninn - stafræn borgaravitund barna 15

5. ÚTGEFIÐ EFNI, DREIFING OG MIÐLAR 15

5.1. Foreldrasáttmáli, handbækur og bæklingar 15
5.2. Netsáttmáli 15
5.3. Læsissáttmáli 16
5.4. Tímarit Heimilis og skóla 16
5.5. Hlaðvarp Heimilis og skóla / SAFT 16
5.6. Heimasíða og samfélagsmiðlar 16

6. SAMSTARF INNANLANDS 16

6.1. Samantekt vinnuhópa og nefnda 16

7. ERLENT SAMSTARF 17

7.1. NOKO - Nordisk Komitté 17
7.2. NABO - Norrænt samstarf gegn einelti 18
7.3. Samstarfsverkefni - Pólland 18

8. LOKAORÐ 19

VIÐAUKI: LÖG HEIMILIS OG SKÓLA - LANDSSAMTAKA FORELDRA 20

INNGANGUR

Tilgangur Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra er að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu á öllum skólastigum. Samtökin eru frjáls félagasamtök sem starfa óháð stjórnmálaflokkum og trúfélögum. Einstaklingar eru félagar í Heimili og skóla en einnig foreldrafélög, foreldraráð og skólaráð sem og leik-, grunn- og framhaldsskólar. Með stuðningi félagsmanna og mennta- og barnamálaráðuneyti hefur tekist að byggja upp þjónustu við skólasamfélagið, foreldra og félög þeirra á landsvísu.

Samtökin eru umsjónaraðili SAFT (samfélag, fjölskylda og tækni) sem er samstarfsverkefni um jákvæða og örugga net- og miðlanotkun barna og ungmenna á Íslandi. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu og íslenskum stjórnvöldum. SAFT er í samstarfi við önnur Evrópulönd í gegnum INSAFE-netverkið og deilir með þeim upplýsingum, aðferðafræði og þekkingu.

Heimili og skóli eiga í víðtæku samstarfi við ýmsa aðila um uppeldi, forvarnir, velferð og menntun. Helstu verkefni samtakanna felast í útgáfu, ráðgjöf og fræðslu til foreldra, skóla og annarra sem vinna með börnum og ungmennum, ásamt því að vera málsvari foreldra á opinberum vettvangi og taka virkan þátt í samfélagslegri umræðu. Einnig er boðið upp á fræðslu fyrir nemendur um jákvæða miðlanotkun og netöryggi.

Þessi skýrsla nær yfir starfstímabilið janúar til og með desember 2021 og fjallar um helstu þætti í starfsemi samtakanna.

1. STJÓRN OG STARFSMENN HEIMILIS OG SKÓLA

1.1. STJÓRN

Á aðalfundi var kosið um þrjú sæti í stjórn auk þess sem fulltrúaráð skipaði sinn fulltrúa í stjórn. Varamaður var kosinn í stjórn til eins árs í senn en sú breyting varð til með breytingu á 5 gr. laga samtakanna á s.l. aðalfundi. Samkvæmt lögum samtakanna hefði átt að kjósa um tvö föst sæti auk fulltrúa fulltrúaráðs, en þar sem aðili í stjórn varð frá að hverfa var kosið um tvö sæti til tveggja ára og eitt til eins árs. Í framboði voru fimm einstaklingar um þrjú sæti auk varamanns. Kosningu til tveggja ára setu í stjórn hlutu: Lena Viderö, Reykjavík og Sigríður Björk Einarsdóttir, Reykjavík. Jóhann Gunnarsson, Akureyri var kosinn til eins árs. Varamaður í stjórn til eins árs var kosinn Þorvar Hafsteinsson, Kópavogi. Fulltrúi fulltrúaráðs í stjórn er Daníel Sigurður Eðvaldsson, Akureyri.

Stjórn samtakanna skipa eftirfarandi:

Sigrún Edda Eðvarðsdóttir, formaður – Garðabæ
Eydís Heiða Njarðardóttir, varaformaður – Reykjavík
Daníel Sigurður Eðvaldsson – SAMTAKA - Akureyri
Lena Viderö – Reykjavík
Jóhann Gunnarsson - Akureyri
Sigríður Arndís Jóhannsdóttir – Reykjavík
Sigríður Björk Einarsdóttir – Reykjavík
Þorvar Hafsteinsson – Kópavogi - Varamaður

Kjörnir skoðunarmenn eru Hilmar Ingimundarson og Hlíf Böðvarsdóttir.

1.2. STJÓRNARFUNDIR

Haldnir voru 10 stjórnarfundir á starfsárinu 2021-2022.

1.3. STARFSMENN

Starfsmenn samtakanna árið 2021 voru:

Arnar Ævarsson, framkvæmdastjóri
Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri SAFT
Bryndís Jónsdóttir, sérfræðingur
Hildur Halldórsdóttir, sérfræðingur
Sigurður Sigurðsson, sérfræðingur

Sigrún Ýr Eyjólfsdóttir - sumarstarfsmaður

Starfsmenn Heimilis og skóla hafa víðtæka reynslu og menntun í uppeldis- og menntunarfræði, kennslufræði, náms- og starfsráðgjöf, sálfræði, aðferðafræði, mannauðsstjórnun og alþjóðasamskiptum.



ARNAR ÆVARSSON
framkvæmdastjóri



GUÐBERG K. JÓNSSON
verkefnastjóri SAFT



BRYNDÍS JÓNSDÓTTIR
sérfræðingur



SIGURÐUR SIGURÐSSON
sérfræðingur



HILDUR HALLDÓRSDÓTTIR
sérfræðingur

2. STARFSEMI

2.1. HÚSNÆÐI

Samtökin reka þjónustumiðstöð á Laugavegi 176, 4. hæð. Húsnæðið er leigt af Reitum, fasteignafélagi. Foreldrar og aðrir geta sótt ýmsa þjónustu, svo sem ráðgjöf, fræðsluefni og upplýsingar til samtakanna í þjónustumiðstöðina. Þar er einnig fundaraðstaða. Reitir hafa stutt samtökin með hagstæðri leigu í gegnum árin sem er ómetanlegt og þakkar Heimili og skóli stuðninginn.

2.2. FÉLAGSMENN

Félagsmenn í samtökunum eru einkum foreldrar og forráðamenn barna á skólaaldri sem og foreldrafélög auk leik-, grunn- og framhaldsskóla. Árið 2021 greiddu alls 2.223 einstaklingar félagsgjald, þar af voru 148 nýir félagsmenn foreldra barna í 1. bekk. Tímarit samtakanna ásamt greiðsluseðli var sent á úrtak foreldra nemenda í 1. bekk. Árið 2021 voru greidd félagsgjöld fyrir 70 skóla/foreldrafélög. Fjögur sveitarfélög greiða félagsgjald fyrir alla sína skóla og fá því afslátt af félagsgjöldum og sérkjör á aðkeyptri þjónustu. Þau eru: Akureyri, Garðabær og Kópavogur og Fjarðabyggð.

2.3. SAMSTARFSSAMNINGAR

Samstarfssamningur til fimm ára við mennta- og menningarmálaráðuneytið var undirritaður í Norðlingaskóla 3. febrúar 2020 og gildir frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2024. Samningurinn felur í sér fjárframlag til að efla samstarf heimila og skóla í landinu sem og að sinna ákveðnum verkefnum sem tilgreind eru í samningi. Samningurinn er mjög mikilvæg stoð til að tryggja rekstur samtakanna og öflugt samstarf við menntayfirvöld í landinu. Samningur til lengri tíma stuðlar að stöðugleika í rekstri og öflugra og skilvirkara starfi samtakanna.

Heimili og skóli – landssamtök foreldra, hafa rekið vakningarátak um örugga netnotkun á Íslandi síðan í október 2004. Verkefnið, sem styrkt er af aðgerðaáætlun ESB um örugga netnotkun, og þremur ráðuneytum: mennta- og menningarmálaráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti, hefur frá upphafi gengið undir nafninu Samfélag, fjölskylda og tækni, skammstafað SAFT.

3. HELSTU VERKEFNI

3.1. RÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR

Leitað er til þjónustumiðstöðvar Heimilis og skóla eftir upplýsingum, ráðgjöf og stuðningi af foreldrum, skólastjórnendum, kennurum og öðrum hagaðilum skólamála. Fjölmiðlar leita einnig talsvert til samtakanna um ýmis mál er koma að foreldrastarfi, skólamálum og almennri velferð barna.

Heimili og skóli bjóða upp á fjölbreytta fræðslu fyrir börn, foreldra og starfsmenn skóla og var talsverð eftirspurn eftir þeirri þjónustu á árinu 2021. Í ljósi aðstæðna þá hefur verið aukið við framboð hvað varðar rafræn erindi, kynningar og fræðslumyndbönd og hefur það tekist vel og þar með aukið aðgengi ólíkra hópa að þjónustunni. Skólar voru talsvert lokaðir utanaðkomandi á árinu, þ.á.m. foreldrum, og var eðli málsins samkvæmt erfiðara að halda uppi hefðbundinni fræðslu og foreldrastarfi en því fylgdu einnig tækifæri til að skapa nýjar leiðir. Starfsfólk samtakanna hefur verið skapandi við að finna nýjar lausnir, leiðir og efni til að koma til móts við félagsmenn og aðra hagaðila og hefur því verið vel tekið.

3.1.1. TÖLFRÆÐI

Haldið er utan um ráðgjöf Heimilis og skóla með ráðgjafarforriti frá Lausn hugbúnaði. Þar eru einkum skráð símtöl en einnig önnur ráðgjöf s.s. með tölvupósti og samfélagsmiðlum. Komur á þjónustumiðstöð Heimilis og skóla til að fá ráðgjöf, upplýsingar og efni hefur eðlilega í ljósi aðstæðna dregist saman á liðnu ári.


Þegar eðli fyrirspurna er tekið saman er langoftast haft samband til að fá upplýsingar (83,9%) en því næst kemur beiðni um námsefni/fræðslu (14,3%) og loks eru þakkir frá aðilum sem leita stuðnings (1,8%), sjá mynd 1.

Ráðgjöfin árið 2021 fór langoftast fram í gegnum síma (90,5%) og hækkaði sú tíðni á milli ára sem er eðlilegt í ljósi aðstæðna. Oftast er hringt í tengslum við grunnskólastigið (94,2% tilvika) og því næst kemur leikskólastigið (4,3%) og loks framhaldsskólinn (1,5%).


Yfirleitt er hringt vegna nemanda og skiptist ráðgjöfin þá í nám annars vegar og líðan hins vegar. Þegar kemur að námi er oftast hringt vegna réttinda foreldra og nemenda (36%) og kennslu (20%). Því næst er hringt vegna vinnuaðstæðna nemenda (15%) og vegna samskipta við sveitarfélag/fræðsluskrifstofu (5%). Þar á eftir tengt námsefni (7%) og námsörðuleikum (7%), loks heimanámi (5%) og námsmati (5%).

Þegar kemur að líðan nemenda er oftast hringt vegna velferðar nemenda (47,3%) og því næst vegna eineltis (24,1%). Þar á eftir kemur nemendavernd (10,8%) og félagsleg einangrun (3%). Aðrir þættir eru 14,8 % sem tengjast andlegum/líkamlegum þáttum og vegna greininga nemenda. Oft skarast flokkunin þar sem sama mál getur fallið undir nokkra flokka.

Yfirleitt eru það foreldrar sem leita ráðgjafar (63%). Því næst koma aðilar úr skólasamfélaginu en aukning hefur verið á að kennarar og skólastjórnendur leiti til samtakana og voru tæplega 16% af þeim sem leituðu til samtakana árið 2021. Foreldrafélög/foreldraráð voru rúmlega 10% sem og aðrir hagsmunaaðilar (11%), sjá mynd 2.



MYND 2. - HVERJIR HRINGJA




MYND 1. - HVERS VEGNA ER HRINGT

Foreldrafélög og foreldrasamtök spurðu oftast um réttindi og skyldur (14,2%) og óskuðu eftir ráðgjöf og handleiðslu með skipulag (43,1%). Í 28,5% tilvika var óskað eftir fræðslu/fyrirlestrum og síðan spurt um aðkomu að stjórnsýslu (14,2%).

Þegar ráðgjöfin tengdist skólanum var oftast rætt um aðbúnað, öryggi og umhverfi (43,7%) og því næst samskipti (39,7%) og persónuvernd (8,3%). Loks ráðgjöf tengd skólanámskrá (8,3%).

Hluti ráðgjafarinnar tengist netnotkun og fellur undir SAFT verkefnið: Samfélag, fjölskylda og tækni. Ráðgjöfin skiptist á eftirfarandi hátt: netöryggi/siðferði (40%), námsefni/fræðsla (40%), neteinelti (10%), Hatursorðræða (10%). Sjá mynd 3.



MYND 3. - RÁÐGJÖF TENGD NETÖRYGGI

SAFT hjálparlínan er hluti af hjálparlínu Rauða krossins, 1717. Ráðgjöfin sem hjálparlína Rauða krossins sinnti árið 2021 skiptist á eftirfarandi hátt: sálræn vandamál (64,6%), félagsleg vandamál (16%), heilbrigðisvandamál (6,7%), ofbeldi (6,3%), neysla og fíkn (4,7%), kynferðismál (1,5%), spilavandi (0,2%).

3.2. ÞJÓNUSTA VIÐ SKÓLASAMFÉLAGIÐ

Styðjandi gagnkvæmt samstarf heimila og skóla er gríðarlega mikilvægt og hefur fjölþætt jákvæð áhrif á nám og velferð barna og unglinga ef rétt er að staðið. Árið 2020 reyndi sannarlega á alla þætti þjóðfélagsins og upplýsingaflæði milli heimila og skóla var gríðarlega mikilvægt í fordæmalausum og krefjandi aðstæðum og svo var einnig raunin á liðnu ári 2021. Þrátt fyrir erfiðar áskoranir eru tækifæri til nýsköpunar og endurskoðunar á fyrri leiðum í samskiptum og upplýsingagjöf á milli heimila og skóla, bæta og breyta eftir aðstæðum. Fundnar hafa verið nýjar leiðir við miðlun fræðsluefnis, upplýsinga og samskipta og er sú nýsköpun enn í þróun og mörg tækifæri þar. Það hefur verið veruleg áskorun fyrir foreldra að sinna foreldra- og bekkjarstarfi en því verður ekki neitað að eftir tveggja ára heimsfaraldur hefur þrekið dvínað og víða um land hefur foreldrastarf verulega látið á sjá og kallar á markvissar aðgerðir við endurreisn foreldrastarfs á landsvísu og þar reynir á samtakamátt og stuðning allra hagaðila.

Foreldrar eru auðlind sem hægt er að nýta mun betur til stuðnings við skólastarfið, rannsóknir sýna að virkir foreldrar leiða af sér betra skólastarf. Það er mikilvægt að allir hagaðilar séu meðvitaðir og hafi þekkingu á þessum jákvæðu áhrifum sem öflugt foreldrastarf leiðir af sér. Umræða um íþyngjandi áhrif foreldra á skólastarf eru byggðar á gömlum úreltum viðhorfum og mikilvægt að forsvarsmenn skólamála viti betur og vinni á uppbyggilegum nótum við að auka virkni og aðkomu foreldra að skólastarfi, öllum til hagsbóta.

Heimili og skóli hafa sinnt hlutverki sínu vel á þessum sérkennilegu tímum og tekið virkan þátt og sýnt frumkvæði í öllu samstarfi og samtali með menntayfirvöldum, öðrum hagaðilum, sem og í fjölmiðlum með greinaskrifum og viðtölum. Fundað er reglulega með fjölbreyttum samráðshópum um skólahald og velferð barna og ungmenna, markviss upplýsingagjöf og samtal við fulltrúa foreldra og aðra hagsmunaaðila. Starfsmenn og stjórn Heimilis og skóla sitja í fjölda samstarfshópa bæði hérlendis og erlendis auk vinnuhópa á vegum stjórnvalda. Á árinu 2021 voru samtökin í virku samstarfi og með setu í á þriðja tug samstarfs- og vinnuhópum hérlendis sem erlendis. Hlutverk og tengslanet Heimilis og skóla liggur víða og á það bæði við um foreldastarf sem og netöryggismál tengd SAFT verkefnum.

Heimsfaraldur hafði vissulega áhrif á starfsemi Heimilis og skóla líkt og annarra á árinu en samfara því hafa einnig verið tækifæri til endurskoðunar og ígrundunar á okkar hlutverki auk þess að styrkja enn frekar innviði samtakanna fyrir komandi tíma. Ljóst er að hlutverk samtaka líkt og Heimili og skóla hefur sjaldan verið mikilvægara en nú á tímum og það liggja tækifæri við að stuðla enn frekar að velferð barna og ungmenna með virku samstarfi heimila og skóla.

Samtökin bjóða upp á fræðslu, fyrirlestra og námsefni fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla og má í raun segja að stærsti hluti starfsins sé í eðli sínu forvarnafræðsla. Boðið er m.a. upp á fræðslu um: foreldrastarf, bekkjarstarf, leiðir foreldra til áhrifa, foreldrasáttmála, læsissáttmála, einelti og vináttufærni og fjölbreytt námskeið/fræðslu s.s. fyrir bekkjarfulltrúa og stjórnir foreldrafélaga. Einnig eru samtökin með fjölþætt SAFT námskeið um örugga og jákvæða netnotkun barna og unglinga fyrir börn og foreldra ásamt fræðslu í samstarfi við sérfræðinga um tiltekin málefni. Á árinu 2021 var aukin áhersla á gerð kennsluefnis fyrir kennara, námskrá í stafrænni borgaravitund í samstarfi við Kópavog, menntavísindasvið og fagkennara. Horft er til forvirkra áherslna í gerð efnis sem og að bregðast við kalli hvers tíma um miðlun og fræðsluefnisgerð.

Fjöldi fyrirlestra eða fræðslu voru tæplega 100 árið 2021 og verður það að teljast gott m.v. stöðu mála og þá röskun sem bæði almennt skólastarf og foreldrastarf hefur orðið fyrir vegna faraldurs. Gerður var fræðslusamningur við Fjarðabyggð, sem er nýbreytni, þar sem Heimili og skóli tryggir ákveðna grunnfræðslu fyrir foreldra barna í leik- og grunnskóla, foreldrafræðslu og SAFT fræðslu fyrir nemendur í öllum skólum sveitafélagsins, mikilvægt skref tekið þar. Aukið samstarf er einnig í þróun við önnur sveitarfélög með svipaða útfærslu t.d. Kópavog. Með þessari nálgun við skipulag fræðslu þá tryggja samtökin að allir fái fræðslu innan sveitafélagsins.

Markmið þessa grasrótarstarfs er að styðja við starf skóla- og foreldraráða og foreldrafélaga, koma á tengslum milli landshluta og skapa foreldrum þannig breiðan samstarfsvettvang og virkja þau til áhrifa í skólastarfi.

Árlega er uppfærður hjá samtökunum netfangalisti/tengslanet þar sem finna má meðal annars fulltrúa í foreldraráðum, skólaráðum og foreldrafélögum í skólum landsins sem og annarra hagaðila.

3.3. FULLTRÚARÁÐ OG SVÆÐASAMTÖK

Fulltrúaráð Heimilis og skóla er skipað fulltrúum frá svæðasamtökum foreldra af öllu landinu. Svæðasamtök foreldra sem eru aðilar að samtökunum tilnefna fulltrúa til setu í fulltrúaráði samtakanna. Fulltrúi SAMTAKA á Akureyri, Daníel Sigurður Eðvaldsson er nú fulltrúi fulltrúaráðs í stjórn.

Svæðasamtök foreldra starfa víða um land en það starf þarf að styrkja frekar og verður lagst í að stofna svæðasamtök allt í kringum landið. Svæðasamtökin eru samstarfsvettvangur foreldraráða og foreldrafélaga um allt land og mikilvægur vettvangur fyrir foreldrastarf og um leið styðjandi við skólastarf. Mikilvægt er að foreldrar hafi þennan vettvang til að miðla og vekja athygli á því sem betur má fara og bætt getur líðan barna og námsárangur en einnig til að styrkja gott foreldrastarf á landsvísu.

Rannsóknir sýna að virkir foreldar leiða til betra skólastarfs og því er mikilvægi foreldrafélaga gríðarlegt og ekki síst nú vegna heimsfaraldurs og áhrifa hans. Samfara lokun skóla fyrir foreldrum þá hefur foreldrastarf misst verulega flugið og það þarf sérstakt átak til að endurreisa það um allt land og eru samtökin þegar farin að skipuleggja þá vegferð og þá í samstarfi við svæðissamtök og aðra hagaðila. Nú þarf allar hendur á dekk til að stuðla að betra skólastarfi með virkri þátttöku foreldra. Ekki náðist að halda fund með fulltrúaráði árið 2021 en þegar eru skipulagðir fundir fyrir árið 2022 og haldinn var netfundur nú í mars s.l. þar sem rætt var um komandi verkefni og leitað hugmynda hjá ráðinu. Hugur var í fólki og spennandi tímar framundan.

3.4. FORELDRAVERÐLAUN HEIMILIS OG SKÓLA

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru afhent í 26. sinn við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu við Hverfisgötu 21. maí 2021. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, ávarpaði samkomuna og afhenti verðlaunin. Í ár hlaut Stóra upplestrarkeppnin Foreldraverðlaun Heimilis og skóla. Einnig var Ingibjörg Einarsdóttir útnefnd Dugnaðarforkur Heimilis og skóla og veitt voru tvenn Hvatningarverðlaun að þessu sinni. Hvatningarverðlaunin hlutu Söngleikurinn Annie frá Víðistaðaskóla og verkefnið Sjálfbærni og minni matarsóun hjá heilsuleikskólanum Urðarhóli. Sérstök dómnefnd fór yfir allar tilnefningar líkt og vant er og valdi verðlaunahafa.

Í 25 ár hafa Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn, rekið Stóru upplestrarkeppnina fyrir 7.bekk en hún hófst veturinn 1996-1997 með þátttöku 223 barna í Hafnarfirði og á Álftanesi. Nú taka mörg þúsund börn þátt ár hvert í fjöldamörgum skólum hringinn í kringum landið og hefur Stóra upplestrarkeppnin fyrir löngu fest sig í sessi.

Dugnaðarforkur Heimilis og skóla árið 2021 er Ingibjörg Einarsdóttir. Hún er fyrrverandi skrifstofustjóri á skólaskrifstofu Hafnarfjarðar og formaður Radda, samtaka um vandaðan upplestur og framsögn. Ingibjörg hefur verið verkefnastjóri Stóru upplestrarkeppninnar í 25 ár og unnið ötullega að því að efla lestrarhæfni grunnskólanema.

Veitt voru tvenn Hvatningarverðlaun Heimilis og skóla þetta árið, Söngleikurinn Annie frá Víðistaðaskóla og verkefnið Sjálfbærni og minni matarsóun hjá heilsuleikskólanum Urðarhól. Söngleikurinn Annie var settur upp af nemendum í 10. bekk Víðistaðaskóla nú í vor en löng hefð er fyrir uppsetningu söngleikja hjá 10. bekk sem fjáröflun í ferðasjóð. Foreldrar og aðrir velunnarar eru styðjandi í ferlinu. Frábært framtak sem tengir saman aðila skólasamfélagsins. Verkefnið Sjálfbærni og minni matarsóun hjá heilsuleikskólanum Urðarhóli fékk einnig hvatningarverðlaun þetta árið. Verkefnið snýr að minni matarsóun og sjálfbærnimenntun. Heilsuleikskólinn Urðarhóll er með rauðorma til að brjóta niður matarafganga og breyta í moltu.

Á leikskólalóðinni eru 6 papahænur sem fá matarafganga. Foreldrar sinna hænunum um helgar og fær fjölskyldan egg að launum.

Við óskum vinningshöfum innilega til hamingju og þökkum kærlega þeirra starf í þágu skólasamfélagsins. Mikilvægt er að vekja athygli á því sem vel er gert í okkar samfélagi og ekki hvað síst nú þegar við þurfum að fást við ýmsar áskoranir meðal annars í foreldrastarfi þegar aðgangur foreldra að skólum er takmarkaður. Saman áorkum við miklu meiru en sundruð og Foreldraverðlaunin minna okkur á hverju samtakamátturinn fær skilað.

Við þökkum Blómavali, IKEA og Svansprent fyrir að styðja við Foreldraverðlaunin árið 2021.



HÓPUR TILNEFNDRA OG VERÐLAUNAHAFA

Sú hefð hefur skapast í gegnum árin að fulltrúar frá Heimili og skóla ásamt menntamálaráðherra hafa farið í heimsókn til verðlaunahafa að ári liðnu. Í ár komst menntamálaráðherra ekki en fulltrúar frá Heimili og skóla ásamt fulltrúa frá menntamálaráðuneytinu, fóru í heimsókn á Djúpavog 6. september 2021 og kynntu sér skólastarfið Í Djúpavogsskóla sem og starf foreldrafélagsins. Foreldraverðlaunin 2020 fóru á Djúpavog fyrir verkefnin Smiðjur í Djúpavogsskóla og nytjamarkaðinn NOTÓ. Samtökin fengu glæsilegar móttökur á Djúpavogi og var virkilega áhugavert að fá tækifæri til að sjá fyrirmyndar skólastarf og verulega öflugt starf á vegum foreldrafélagsins. Eitthvað sem við getum öll lært af.



FRÁ AFHENDINGU FORELDRAVERÐLAUNANNA 2021

Í dómnefnd árið 2021 sátu:

Eydís Heiða Njarðardóttir, formaður dómnefndar, Heimili og skóli
Anna María Gunnarsdóttir, Kennarasamband Íslands
Guðni R. Björnsson, forvarnaráðgjafi, Funi
Ingibjörg Guðmundsdóttir, Embætti landlæknis
Ragnheiður Bóasdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti
Stefanía Sörheller, Reykjavíkurborg
Þóroddur Helgason, fræðslustjóri í Fjarðabyggð

Samtökin þakka dómnefnd vel unnin störf.



HANDHAFAR HVATNINGAVERÐLAUNA 2021

3.5. STARFSKYNNING

Heimili og skóli hafa í gegnum tíðina tekið á móti háskólanemum í starfskynningu en vegna farsóttarinnar fór kynningin fram í gegnum Zoom-fjarfundabúnað í þetta sinn og bauðst nemum í uppeldis- og menntunarfræði að taka þátt í henni í haust.

3.6. HEIMILIN OG SAMSKIPTI

Heimili og skóli skipulögðu vinnustofu á netinu í samstarfi við Dale Carnegie sem var hugsuð fyrir foreldra. Á vinnustofunni var fjallað um samskipti á heimilum og hvernig hægt er að skapa uppbyggileg samskipti, leiðir og lausnir fyrir foreldra. Vinnustofan var ókeypis fyrir foreldra og var mikil ásókn, um 300 foreldrar skráðu sig til þátttöku. Frekara samstarf er fyrirhugað við Dale Carnegie með fjölbreyttum smiðjum eða vinnustofum, bæði í raunheimum sem og á netinu, fyrir nemendur, kennara og foreldra.

3.7. DAGUR GEGN EINELTI



FORSETI ÍSLANDS RÆÐIR VIÐ UNGMENNI Á DEGI GEGN EINELTI

Dagur gegn einelti var haldinn 9. nóvember, en hann var haldinn hátíðlegur í fyrsta skipti hér á landi 8. nóvember árið 2011 og hefur síðan verið haldinn fyrsta virka dag kringum þá dagsetningu en vegna aðstæðna var hann nú þann 9. nóvember. Markmiðið með deginum er m.a. að efna til umræðu, fræðslu og viðburða til að vinna gegn einelti, hvetja til jákvæðra samskipta og efla vináttu. Heimili og skóli hafa umsjón með dagskrá Dags gegn einelti í samstarfi við Menntamálastofnun. Hefð er fyrir því að á þessum degi séu veitt hvatningarverðlaun, einstaklingi eða verkefni sem hefur að markmiði að vinna gegn einelti og styðja við jákvæð samskipti. Skólar og foreldrafélög eru einnig hvött til að standa fyrir verkefnum eða gera eitthvað táknrænt sem hvetur til jákvæðra samskipta.

Guðni Th. Jóhannesson, og Lilja Dögg Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra afhentu hvatningarverðlaun Dags gegn einelti við hátíðlega athöfn í Rimaskóla. Fagráð gegn einelti hjá Menntamálastofnun valdi verðlaunahafa úr innsendum tilnefningum og fyrir valinu varð Guðríður Aadnegard námsráðgjafi og umsjónarkennari við Grunnskólann í Hveragerði. Í tilnefningu segir að Guðríður hafi undanfarna áratugi unnið ómetanlegt starf í eineltismálum og hún sé góð fyrirmynd fyrir aðra kennara þegar kemur að samskiptamálum nemenda. Hún hefur í gegnum tíðina sérstaklega látið sig málefni nemenda varða og nálgist þau af mikilli hlýju og virðingu. Guðríður hefur einnig látið til sín taka á vettvangi íþrótta þar sem hún hefur starfað í broddi fylkingar hjá HSK, UMFÍ og ÍSÍ. Þar hefur hún sem fyrr ávallt haft hag iðkenda að leiðarljósi og lagt ríka áherslu á góð samskipti innan vallar sem utan.

Sigrún Edda Eðvarðsdóttir formaður Heimilis og skóla og Sigrún Garcia Thorarensen formaður fagráðs gegn einelti ávörpuðu samkomuna auk forseta Íslands, mennta- og menningarmálaráðherra og verðlaunahafans. Nemendur Rimaskóla settu einnig skemmtilegan svip á dagskrána. Stúlkur í 5. bekk dönsuðu vinadans, atriði skólans úr Skrekk var flutt en það fjallar um einelti gegn nýjum nemenda í skóla og Kolbrún Arna Káradóttir, nemandi í 9. bekk flutti ljóð sitt „Það þarf aðeins einn“ sem hún samdi í tilefni dags gegn einelti.

Heimili og skóli óska Guðríði innilega til hamingju með verðskuldaða viðurkenningu og þakka þeim sem komu að athöfninni fyrir sitt framlag.



FRÁ AFHENDINGU HVATNINGARVERÐLAUNA Á DEGI GEGN EINELTI

3.8. ELDRI KENNIR YNGRI - JAFNINGJAFRÆÐSLA

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og Heimili og skóli /SAFT taka höndum saman um að efla jafningjafræðslu um jákvæða og ábyrga netnotkun meðal grunnskólanema. Sérfræðingar SAFT vinna náið með kennurum og nemendum hvers skóla við útfærslu verkefnisins. Hver skóli fær ítarlegar leiðbeiningar til að halda áfram með verkefnið í framhaldi á næstu árum sem árlega fræðslu varðandi netöryggismál og stafræna borgarvitund á meðal barna og ungmenna.

3.9. FRÆÐSLUSAMNINGAR VIÐ SVEITARFÉLÖG

Mánudaginn 18. október 2021 skrifuðu fulltrúar Heimilis og skóla, Fjarðabyggðar og Fjarðaforeldra undir samstarfssamning þess efnis að fagaðilar frá Heimili og skóla komi árlega með fræðslu til skólasamfélagsins í Fjarðabyggð. Áherslan er fyrst í stað lögð á SAFT fræðslu, þ.e. jákvæða og örugga netnotkun barna og unglinga ásamt fræðslu til bekkjarfulltrúa og foreldrafélaga í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins. Það er markmið allra þeirra aðila sem að samningnum koma að efla og styrkja börn og ungmenni, ýta undir að þau blómstri í og utan skóla á fjölbreyttan hátt. Til þess að ná því markmiði er samstarfið og samheldnin mikilvæg, að allir gangi í takt, að heilbrigð og hvetjandi samræða eigi sér stað og nægt svigrúm sé fyrir gleði og umburðarlyndi.

3.10. HLUSTUM.IS

Verkefnið er samstarfsverkefni eftirfarandi aðila: SAMFOK, Heimili og skóli, Barnaheill, Samfés, Bergið, Heilsugæslan og Rannsóknir og greining. Verkefnið snýst um að stuðla að vitundarvakningu um vernd barna gegn ofbeldi og forvarnir innan fjölskyldna, með því að hvetja foreldra og aðra fullorðna til að hlusta á börn og skapa aðstæður í lífi barna svo þau megi og geti alltaf treyst foreldrum eða öðrum nákomnum, geti talað við þá um hvaðeina, gleði og sorgir, tilhlökkun og áhyggjur.

Hópurinn sem stendur að Hlustum.is hefur sammælst um að mikilvægasta forvörnin fyrir börn gegn hvers kyns skaða, þ.á m. ofbeldi, er að geta átt einhvern til að leita til með áhyggjur sínar og kvíða ef eitthvað kemur fyrir þau eða þau verða fyrir óþægilegri reynslu. Til þess að barn geti og sé líklegra til að leita til foreldris eða annars nákomins fullorðins, þarf barnið að hafa öðlast færni og lært að það sé gott, óhætt og viðeigandi að leita til viðkomandi og mikilvægt er að traust hafi verið skapað á milli einstaklinganna. Þannig er æskilegt að skapa samtalshefð innan fjölskyldna, að skapa hefð fyrir stundir í náND og hlustun, þar sem foreldri er hlustandinn.

4. SAFT

4.1. AÐGERÐARÁÆTLUN UM ÖRUGGA NETNOTKUN

Frá árinu 1999 rak Evrópusambandið aðgerðaáætlun um örugga netnotkun sem kallaðist Safer Internet Action Plan, þeirri áætlun lauk árið 2014. Verkefnin voru færð yfir á nýja samgönguáætlun ESB (CEF – Connecting Europe Facility) sem gildir frá 2014-2021, undir formerkjunum Better Internet. Markmið áætlunarinnar er að stuðla að öruggri notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, m.a. með því að berjast gegn ólöglegu og óæskilegu efni og stuðla að vitundarvakningu um örugga netnotkun í samfélaginu.

Áætluninni er skipt í fjórar meginaðgerðir:

- Vernd barna gegn ólöglegu eða meiðandi efni á netinu
- Aðgerðir gegn óæskilegu og meiðandi efni á netinu
- Hvatningu til öruggara netumhverfis
- Vakningarátak um jákvæða og örugga netnotkun

Innan áætlunarinnar hafa verið sett af stað verkefni í 31 Evrópulandi. Verkefnin eru hluti af evrópsku samstarfsneti sem kallast INSAFE (www.saferinternet.org og www.betterinternetforkids.eu) og er samhæft af evrópska skólanetinu European Schoolnet (www.eun.org).

Verkefnastjórar sækja reglulega samstarfsfundi og ráðstefnur ýmist í eigin persónu eða með fjarfundi.

4.2. SAFT VERKEFNIÐ Á ÍSLANDI

Heimili og skóli – landssamtök foreldra, hafa rekið vakningarátak um örugga netnotkun á Íslandi síðan í október 2004. Verkefnið, sem styrkt er af aðgerðaáætlun ESB um örugga netnotkun, og þremur ráðuneytum: mennta- og menningarmálaráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti, hefur frá upphafi gengið undir nafninu Samfélag, fjölskylda og tækni, skammstafað SAFT.

Markmið SAFT er að reka vakningarátak um örugga og jákvæða notkun nets og annarra nýmiðla meðal barna og unglinga, foreldra, kennara, upplýsingatækniiðnaðar, fjölmiðla og stjórnvalda. Viðfangsefni verkefnisins snúa að því að fræða og styðja börn og foreldra í að njóta netsins og nýrra miðla á jákvæðan og öruggan hátt. Einnig hafa skólastarfsmenn fengið fræðslu frá SAFT.

Sérstök verkefnisstjórn átaksins er skipuð fulltrúum frá: ráðuneytum mennta- og menningarmála, samgöngu- og sveitarstjórna og félagsmála, Háskóla Íslands, Barnaheill, Fjölmiðlanefnd, Ríkislögreglustjóra, Rauða krossi Íslands, Persónuvernd auk verkefnisstjóra SAFT. Í baklandi verkefnisins sitja fulltrúar frá ýmsum hagsmunaaðilum, meðal annars frá: stjórnvöldum, úr viðskiptalífinu, frá rannsóknaraðilum og menntunar- og forvarnaraðilum. Guðberg K. Jónsson stýrir verkefninu á Íslandi ásamt því að sitja í verkefnastjórn INSAFE og ýmsum nefndum og ráðum á vegum Evrópusambandsins.

4.3. FRAMKVÆMD VERKEFNIS

Árið 2021 stóð SAFT fyrir ýmsum viðburðum, gaf út fræðsluefni fyrir börn og fullorðna og tók þátt í fjölda verkefna þar sem jákvæð notkun netsins og annarra nýmiðla var til umfjöllunar. Heimsfaraldur hafði talsverð áhrif á fjölda erinda sem hægt var að bjóða upp á en fræðslan var að stórum hluta færð yfir á fjarfundarbúnað fyrir þá sem vildu.

4.4. FRÆÐSLUERINDI

Fjölmörg fræðsluerindi voru haldin á árinu um land allt fyrir nemendur, kennara, foreldra og starfsfólk heilsugæslu- og þjónustumiðstöðvar. Boðið var upp á erindi fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla.

4.5. VEFSÍÐUR OG SAMFÉLAGSMIÐLAR

Heimasíða verkefnisins er http://saft.is. SAFT er líka með Facebook, Instagram og Twitter-síðu, Youtube-rás og hlaðvarp.

4.6. ÁBENDINGAHNAPPUR

Haldið var áfram að kynna nýjan og endurbættan ábendingahnapp um ólöglegt og óviðeigandi efni á netinu. Ábendingahnappurinn er starfræktur í samstarfi SAFT en Barnaheill - Save the Children á Íslandi og embættis Ríkislögreglustjóra halda utan um verkefnið.

4.7. ALÞJÓÐLEGI NETÖRYGGISDAGURINN

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn var haldinn hátíðlegur 9. febrúar 2021. Þemað var „Sameinumst um að gera netið betra!" og yfir 200 þjóðir stóðu fyrir skipulagðri dagskrá þennan dag. Í tilefni dagsins voru gefnar út nýjar fræðslueiningar um stafræna borgaravitund fyrir grunnskóla, kynningarátak um Ábendingalínuna fór af stað á flestum fjölmiðlum, opin netfræðsla fyrir 7. – 10. bekk fór fram frá kl. 09:-12:00, átta ný fræðslumyndbönd gerð aðgengileg og niðurstöður úr nýrri nemenda- og foreldrakönnun kynntar.

4.8. UNGMENNARÁÐ SAFT

Ungmennaráð SAFT, UngSAFT, hefur starfað frá árinu 2009 og samanstendur af ungmennum á aldrinum 13 - 18 ára sem koma víðs vegar að af landinu. Ráðið kemur að hugmyndavinnu SAFT um hvernig kenna megi ánægjulega og örugga netnotkun í skólum landsins, vinnur að hönnun kennsluefnis, er ráðgefandi um framkvæmd herferða og gefur álit sitt á fræðsluefni sem samtökin gefa út, auk þess sem meðlimir ráðsins taka þátt í ýmsum viðburðum og málþingum er varða netið. Starf UngSAFT fór að stærstum hluta fram á netinu árið 2021 vegna samkomutakmarkanna. Haldnir voru netfundir í ráðinu ásamt þátttöku í alþjólegu samstarfi. Stórt og mikið markaðsstarf fyrir UngSAFT hefur verið í undirbúningi. Talsvert markaðsefni var klárað, meðal annars veggspjöld, myndbönd og merktar peysur sem ungmennin geta mætt í þegar þau fara að mæta á viðburði fyrir hönd UngSAFT.

4.9. EVRÓPURÁÐ UM STAFRÆNA VELFERÐ

Þátttaka UngSAFT í Evrópuráði um stafræna velferð hélt áfram rafrænt árið 2021 í heimsfaraldri. Hætta þurfti við allar ferðir til útlanda en netfundir héldu áfram. Afrakstur vinnu ráðsins kom út í byrjun árs en það er námsbókin All abord to DigiTown sem er kennslubók sem ungmenni áttu stóran þátt í að hanna í samstarfi við sérfræðinga. Bókin er ætluð nemendum á miðstigi.

4.10. ALLIR UM BORÐ TIL NETBÆJAR

Árið 2021 var ráðist í þýðingu á bókinni Allir um borð til Netbæjar (All aboard for DigiTown). Bókin inniheldur fjölmörg verkefni fyrir 9-12 ára börn, ætlað til að styrkja stafræna borgaravitund. Bókin var unnin af ungmennum í Evrópuráði um stafræna velferð með aðstoð sérfræðingahóps um stafræna borgaravitund í menntun hjá Evrópuráðinu. Bókin verður gefin út og dreift á grunnskóla landsins á haustönn 2022.

4.11. EKKERT HATUR - ORÐUM FYLGIR ÁBYRGÐ

SAFT leiðir Evrópuráðsverkefni um hatursorðræðu á netinu fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Íslands, SAMFÉS, Landssamband æskulýðsfélaga og Æskulýðsvettvanginn. Verkefnið stuðlar að jafnrétti, virðingu, mannréttindum og fjölbreytileika. Markmiðin eru m.a. að stuðla að vitundarvakningu um hatursáróður og hatursorðræðu á netinu meðal ungs fólks, kynna þau fyrir mikilvægi miðlalæsis og styðja þau í að verja mannréttindi á netinu.

Heimili og skóli og SAFT sótti rafræna fundi og námskeið frá Ekkert hatur sem fóru öll fram á netinu í ár. Jafnframt voru samtökin í alþjóðlegum starfshópi á vegum No Hate.

4.12. STAFRÆN BORGARAVITUND FORELDRA

Evrópuráð stóð fyrir könnun meðal Evrópskra foreldra, og var markmiðið að kanna stöðu stafrænna borgaravitundar þeirra og helstu áskoranir sem mættu þeim í tengslum við heimanám barna sinna í gegnum lokanir í heimsfaraldri.

47 þjóðir tóku þátt, og var þátttaka íslenskra foreldra var mjög góð. Heimili og skóli og SAFT sáu um framkvæmd verkefnisins á Íslandi.

4.13. SNJALLVAGNINN

Á árinu var unnið í samstarfi við önnur Norðurlönd, Insight og Huawei þegar farið var farið í þýðingu og aðlögun á Belgísku kennsluefni (SmartBus) þar sem markmiðið er að efla stafræna borgaravitund nemenda á unglingastigi. Í aðdraganda verkefnisins stóðu Norðurlöndin fyrir könnun meðal nemenda á unglingastigi, en niðurstöður könnunar sem voru birtar snemma árs 2021, voru notaðar til að móta efnistök fræðslunnar. Sökum heimsfaraldurs var ekki hægt að heimsækja grunnskóla landsins, en í þess stað var Lalli töframaður fenginn til þess að halda erindin á netinu.

Um 500 nemendur hafa hlustað á fræðsluerindin og hafa viðbrögð nemenda og kennara verið mjög jákvæð. Haldið verður áfram með þessa fræðslu 2022.

5. ÚTGEFIÐ EFNI, DREIFING OG VEFSÍÐA

5.1. FORELDRASÁTTMÁLI, HANDBÆKUR OG BÆKLINGAR

Foreldrasáttmálinn er vinsælt og sniðugt verkfæri til að stuðla að umræðum foreldra og samtakamætti þeirra. Á heimasíðu samtakanna eru kynningarglærur fyrir Foreldrasáttmála sem auðvelda fulltrúum foreldra kynningu og fyrirlögn sáttmálans. Einnig hefur verið mikill áhugi á sáttmálanum erlendis frá í tengslum við íslenska forvarnamódelið og var hann því þýddur á ensku fyrir alla aldurshópa og er einnig til á pólsku. Samtökin hafa um árabil dreift handbókum um foreldrasamstarf á rafrænu formi til foreldrafélaga og skóla á öllum skólastigum og bæklingum um starfsemi foreldrafélaga, foreldraráða og skólaráða (Virkir foreldrar – betri leik-, grunn- og framhaldsskóli). Upplýsingar um eldra efni sem enn er í dreifingu má finna á http://heimiliogskoli.is og http://saft.is

5.2. NETSÁTTMÁLI

Unnið er að gerð einskonar nettsáttmála sem svipar til foreldrasáttmálans með það að markmiði að stuðla að frekara samstarfi og efla samtakamátt foreldra er varðar

heilbrigða og uppbyggjandi netnotkun barna og ungmenna. Hlutverk foreldra er gríðarlega mikilvægt m.t.t. forvarna varðandi netnotkun og stafræna borgarvitund. Sáttmáli/nettsáttmáli kemur til með að styrkja foreldra enn frekar sem og að skapa tækifæri til umræðu á meðal foreldra sem og á milli foreldra og barna um hvernig er best að fóta sig á þessum vettvangi.

5.3. LÆSISSÁTTMÁLI

Sáttmálanum svipar til Foreldrasáttmála Heimilis og skóla en hann inniheldur sex atriði um lestur og læsi sem rædd eru á fundi bekkjarforeldra með umsjónarkennara og ítarefni dreift. Umræðurnar eru síðan rammaðar inn með undirskrift sáttmálans á táknrænan hátt og hann hengdur upp í skólastofu nemenda. Auk sáttmála og ítarefnis eru til bókamerki, kvittanahefti og ískápsseglar sem tengjast verkefninu sem kom fyrst út árið 2016.

5.4. TÍMARIT HEIMILIS OG SKÓLA

Árið 2021 var þema tímarits Heimilis og skóla um foreldrastarfið, áhrif og verkefni. Auk þess sem fjallað var um skóla án aðgreiningar og netöryggi svo dæmi sé tekið. Tímaritið kom út í desember og var dreift til allra hagsmunaaðila, félagsmanna Heimilis og skóla og úrtaks foreldra barna í 1. bekk. Tímaritið var prentað í 7.000 eintökum og hlaut afar góðar viðtökur.

5.5. HLAÐVARP HEIMILIS OG SKÓLA/SAFT

Farið var af stað með hlaðvarp á árinu til að auka þjónustu okkar enn frekar við að miðla fræðslu og/eða málefnum líðandi stundar. Viðtökurnar hafa verið mjög góðar og fjölmargir aðilar sem vinna að velferð barna og ungmenna með einum eða öðrum hætti hafa komið og miðlað þekkingu sinni og viðhorfum. Hlaðvarpið er öflugur miðill og gefur okkur fjölmörg tækifæri til að nálgast betur þá sem sækja þjónustu okkar sem og að miðla þekkingu sérfræðinga á ólíkum málefnum.

5.6. HEIMASÍÐA OG SAMFÉLAGSMIÐLAR

Heimasíða Heimili og skóla, www.heimiliogskoli.is, og heimasíða SAFT, www.saft.is voru endurskoðaðar og í kjölfarið var farið í gagngerar breytingar bæði á hönnun og útliti, einnig var fríska uppá lógó Heimilis og skóla og SAFT m.t.t. stafrænna krafna.

Með breytingunni má ætla að aukin notkun verði á heimasíðunni með bættu aðgengi notenda að fræðsluefni og upplýsingum sem þar má finna.

Á heimasíðu samtakanna, http://heimiliogskoli.is, er að finna upplýsingar um hlutverk og skyldur foreldra, réttindi og annað efni sem tengist foreldrasamstarfi. Heimili og skóli eru með Facebook-síðu sem opnuð var haustið 2009 og Youtube-rás. Samtökin hafa nú 5.788 fylgjendur á Facebook.

UngSAFT er með eigin síðu, http://saft.is og aðgang að helstu samfélagsmiðlum s.s. Facebook (2.493 fylgjendur) og Youtube. Auk þessa sjáum við um Facebook-síðurnar neteinelti.is (801 fylgjandi) og Ekkert hatur – orðum fylgir ábyrgð (1.557 fylgjendur).

6. SAMSTARF INNANLANDS

Heimili og skóli – landssamtök foreldra voru í samstarfi við ýmsa aðila á starfsárinu, fulltrúar samtakanna áttu sæti í nefndum og vinnuhópum og komu að fjölbreyttum verkefnum. Sum eru í eðli sínu forvarnaverkefni en önnur lúta að hagsmunamálum foreldra og barna sem og samstarfi heimila og skóla.

6.1. SAMANTEKT VINNUHÓPA OG NEFNDA

Fulltrúar frá Heimili og skóla eru í eftirfarandi samstarfshópum, verkefnum og nefndum.

- Samráðshópur um skóla- og frístundastarf og sóttvarnaráðstafanir , mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Samráðshópur mennta- og barnamálaráðherra með helstu lykilaðilum á leik- og grunnskólastigi.
- Samstarfshópur vegna viðbótarskýrslu til Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna.
- Vinnuhópur - Samráðsfundir varðandi nýja menntastefnu 2030, mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Velferðarvaktin. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
- Náum áttum er fræðslu- og forvarnahópur sem skipuleggur mánaðarlega morgunverðarfundi um ýmis mál er varða forvarnir og velferð.

- SAMAN-hópurinn vinnur að forvörnum í tengslum við atburði þar sem líklegt er að aukning verði á neyslu vímuefna meðal ungmenna og sendir jákvæð og uppbyggjandi skilaboð til foreldra.
- Faghópur Heilsueflandi grunnskóla. Hópurinn er til ráðgjafar um framkvæmd og starfsemi verkefnisins Heilsueflandi grunnskóli.
- Fjölmiðlanefnd – TUMI tengslanet um upplýsinga- og miðlalæsi á Íslandi. Hlutverk tengslanetsins er að auðvelda upplýsingaskipti milli þeirra aðila sem vinna að upplýsinga- og miðlalæsi á Íslandi og greiða fyrir samstarfi meðlima.
- Forvarnardagurinn 2021. Dagurinn var haldinn í fyrsta sinn árið 2006 og hefur síðan þá verið haldinn á hverju ári í október. Heimili og skóli er með fulltrúa í hóp þeirra sem að deginum standa en það eru: Embætti landlæknis í samstarfi við embætti forseta Íslands, Reykjavíkurborg, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Skátana, Ungmennafélag Íslands, Rannsóknir og greiningu, Samband íslenskra sveitarfélaga, Samstarf félagasamtaka í forvörnum, Samfés og Heimili og skóla.
- Heimili og skóli taka þátt í alþjóðlega verkefninu Göngum í skólann. Samstarfsaðilar verkefnisins eru: Embætti landlæknis, Heimili og skóli, Umferðarstofa, Ríkislögreglustjóri, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Slysavarnafélagið Landsbjörg og Íþrótta- og ólympíusamband Íslands.
- Heimili og skóli eiga aðild að Röddum, samtökum um vandaðan upplestur og framsögn, sem stofnuð voru til að skipuleggja Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk og/eða önnur verkefni sem þjóna sömu markmiðum.
- Dagur leikskólans. Samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra.
- Samstarfsnefnd um verkefni Evrópuráðsins um hatursorðfæri á netinu (No Hate Speech Movement), mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Samráðsnefnd leik- og grunnskóla, mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- RANNUM – rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun.
- Dómnefnd í smásagnasamkeppni KÍ og Heimilis og skóla.
- Net- og upplýsingaöryggi, stefnumótun. Dómsmálaráðuneytið.
- Starfshópur sem vinnur að því að kortleggja úrræði lögreglu vegna dreifingar kláms á netinu og gera tillögur að breytingum, einkum m.t.t. þess að börn hafi ekki aðgang að grófu efni. Dómsmálaráðuneytið.
- Ráðgjafanefnd Menntamálastofnunar. Verkefni nefndarinnar er að vera forstjóra til ráðgjafar um langtímastefnumótun um starfsemi stofnunarinnar.
- Heimili og skóli eiga víðtækt samstarf við þriðja geirann og eru hluti af Almannaheill – samtökum þriðja geirans.
- Starfshópur um endurskoðun 16. kafla aðalnámskrár grunnskóla. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.
- Samráðshópur helstu hagsmunaaðila um framkvæmd og fyrirkomulag nýs matsferils. Menntamálstofnun.
- Starfshópur um innleiðingu samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna. Félags- og barnamálaráðuneytið.
- Óformlegur starfshópur – Liður í innleiðingu nýrrar stefnu um barnvænt Ísland.
- Starfshópur vegna endurskoðunar innritunnar í framhaldsskóla. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Menntamálastofnun.

7. ERLENT SAMSTARF

7.1. NOKO - NORDISK KOMITTÉ

Heimili og skóli eru í norrænu samstarfi NOKO, Nordisk Komitté, með foreldrasamtökum í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Markmiðið með samstarfinu er að aðildarfélög deili skoðunum, reynslu og rituðu efni auk þess sem sameiginlegar ákvarðanir og ályktanir auka vægi hverra samtaka heima fyrir. Einnig er haldin ráðstefna annað hvert ár. Finnsku foreldrasamtökin Suomen Vanhempainliitto bættust í hóp samstarfsaðila NOKO í apríl 2019 en fyrir voru finnsku foreldrasamtökin Hem och skola sem eru foreldrasamtök sænskumælandi Finna ásamt foreldrasamtökum hinna Norðurlandanna. Ísland fer nú með formennsku í NOKO og var tímabilið framlengt þar sem ekki reyndist unnt að halda áætlaða NOKO ráðstefnu hér á landi í september 2020 eins og áætlað var en þar áttu að fara fram formannaskipti. Ráðstefnunni var frestað til haustsins 2022 og verður haldin þá í Hveragerði.

Vegna farsóttarinnar féllu öll ferðalög og staðbundnir fundir niður á árinu en haldinn var fjarfundur á Zoom í febrúar og september 2021.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði NOKO: http://noko.hemochskola.webbhuset.fi/start/.

7.2. NABO - NORRÆNT SAMSTARF GEGN EINELTI

Árið 2018 hófst formlega norrænt samstarf gegn einelti en FRIENDS International Center Against Bullying í Svíþjóð (Stiftelsen Friends) hafði í nokkurn tíma verið í sambandi við ýmsa hagsmunaaðila á Norðurlöndunum í því augnamiði að skapa sameiginlegar vettvang til að deila þekkingu og vinna gegn einelti.

World Anti-Bullying Forum ráðstefnan var haldin í þriðja sinn haustið 2021 og nú í Stokkhólmi. Héðan frá Íslandi fóru Bryndís Jónsdóttir sérfræðingur hjá Heimili og skóla, Sigríður Björk Einarsdóttir framkvæmdastjóri SAMFOK og frá Umboðsmanni barna fóru Stella Hallsdóttir, Guðríður Bolladóttir og Salvör Sæmundsdóttir.
Friends samtökin í Svíþjóð og Partnership against bullying í Noregi sáu um skipulagningu ráðstefnunnar. Markmiðið með ráðstefnunni er að koma á samtali sem miðar að því að bæta skilning á einelti í öllum þeim aðstæðum sem börn verja tíma í og hvernig megi koma í veg fyrir eða stöðva eineltið. Ráðstefnan er mikilvægur vettvangur fyrir samtal milli þeirra sem stunda rannsóknir á einelti, þeirra sem starfa að forvörnum, hagsmunaaðila og þeirra sem vinna við stefnumörkun enda er áhersla á þekkingu byggða á rannsóknum. Hægt var að velja um fjölda erinda á ráðstefnunni, m.a. kynningar á rannsóknum og ýmiss konar starfsemi sem leggur áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir gegn einelti og aðstoð við þolendur. Einnig voru kynningar á lagaumhverfi og úrræðum í mismunandi löndum og sagðar reynslusögur.
Hópur sérfræðinga á vegum UNESCO lagði fram tillögu að breytingu skilgreiningar á einelti í skólum á ráðstefnunni. Horft var til þess að skilgreiningin næði til félagsfræðilegra þátta í skólaumhverfinu og beindi sjónum að þeim skaða sem þolandi verður fyrir fremur en hegðun gerenda. Hluti af þessu er að horfa til þess að eitt atvik getur valdið jafnmiklum skaða og endurtekin hegðun og því skuli ekki lengur horfa til þess að hegðunin þurfi að vera endurtekin til að geta flokkast sem einelti.

Markmiðið með því að skilgreina þetta að nýju er að setja fókusinn meira á að aðstoða þolandann. Einnig er gert ráð fyrir að áhersla verði meira á forvarnir fremur en viðbrögð. Tillagan var rædd á ráðstefnunni og verða þær umræður nýttar til að endurmeta og endurbæta þessa nýju skilgreiningu.

7.3. SAMSTARFSVERKEFNI - PÓLLAND

Heimili og skóli er aðili að verkefni styrktu af EEA (Evrópska efnahagssvæðið), verkefninu er stýrt af samtökum í Póllandi, House of skills, Empowering Children Foundation og Polish Safer Internet Centre. Undirbúningur fyrir verkefnið hófst síðla árs 2021 en formlega fer það af stað í upphafi árs 2022 og á að vera lokið í lok árs 2023. Markmið verkefnisins er að útbúa kennsluefni, greiningartæki og gagnvirkt efni til að bregðast við og koma í veg fyrir andlega erfiðleika og félagslega vanvirkni hjá börnum og ungmennum sem rekja má til neikvæðrar tölvu/netnotkunar. Verkefnið m.v. tvo aldurshópa 6-10 ára og 11-15 ára. Efninu verður dreyft til aðila er koma að velferð barna með ólíkum hætti. Í Póllandi er markmiði að efnið nái til um 600 barna og 960 foreldra auk þess sem um 200.000 kennarar fái efnið og má ætla að a.m.k. 10. 000 kennarar í Póllandi komi til með að nýta sér efnið með markvissum hætti. Með sama hætti verður unnið að dreifingu hér á landi og í samstarfi við hagaðila.

8. LOKAORÐ

Landssamtökin Heimili og skóli fagna í ár 30 ára afmæli. Óhætt er að segja að mikið vatn hafi runnið til sjávar frá stofnun samtakanna og margt gott áunnist sem við kunnum í dag að líta á sem sjálfsagða þróun, eins og einsetinn skóli, skólamáltíðir og skólafrístund eru góð dæmi um.

Heimili og skóli hafa löngum talað fyrir mikilvægi góðs samstarfs enda er það veigamikill þáttur í bæði líðan og árangri nemenda.

Segja má að skólinn eins og við þekkjum hann í dag gegni bæði uppeldis- og fræðsluhlutverki. Á undanförnum árum og áratugum hafa nefnilega átt sér stað miklar samfélagslegar breytingar samhliða aukinni atvinnuþátttöku foreldra. Skóladagur barnanna okkar hefur sem dæmi lengst. Skólafrístundar- og tómstundastarf er víðast hvar orðið samofið löngum skóladegi fyrir utan heimanámið sem oftar en ekki bíður barnanna þegar heim er komið.



SIGRÚN EDDA EÐVARÐSDÓTTIR
FORMAÐUR HEIMILIS OG SKÓLA

Hvort sem við foreldrar höfum mögulega látið hluta af uppeldishlutverki okkar af hendi til skólanna og skólarnir tekið við því hlutverki án frekara samtals, þá er afar brýnt að við stöldrum við og veltum fyrir okkur hlutverkum og væntingum allra þeirra sem mynda skólasamfélagið á hverjum tíma. Það er samtökunum afar mikilvægt að raddir bæði foreldra og barna fái að heyrast áður en ákvarðanir eru teknar eða reglur settar er varða velferð og framtíð barnanna okkar.

Bæði skóli og foreldrar hafa mögulega gefið sér það í alltof langan tíma að við þekkjum okkar hlutverk og þær væntingar sem uppi eru þegar barnið okkar byrjar í skóla eða færist á milli skólastiga. Stóra spurningin er hins vegar hvort við getum leyft okkur að gefa okkur það að viðhorf og sýn okkar sé sú sama og skólans þegar svo mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því við sjálf sátum á þessum skólabekk en áskoranir þess tíma voru allt aðrar en þær eru í dag. Til að efla skólasamfélagið þurfum við öll að róa í sömu átt, styrkja það sem vel er gert og leita leiða í sameiningu til að gera gott starf enn betra. Börnunum okkar til heilla.

Foreldrar þekkja margir til þess að þurfa að halda mörgum boltum á lofti og sinna uppeldi á sama tíma og þeir eru að koma undir sig fótunum, mennta sig eða taka þátt í atvinnulífinu. Það þarf oft sterka og trausta innviði og gott bakland til að allt gangi upp.

Ef við viljum sem þjóð skapa jöfnuð í íslensku skólasamfélagi verðum við að spyrja okkur hvort við getum ekki gert betur og leitað leiða til að skapa fjölskyldu- og barnvænna samfélag. Samfélag sem hugar að verndandi forvarnarþáttum, hvetur m.a. til samveru og samstöðu meðal foreldra og barna og eykur jöfnuð. Þáttur í því gæti til dæmis verið gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum landsins og öflug skólaþjónusta sem mætir þörfum allra barna og styður sömuleiðis kennara í sínu mikilvæga hlutverki. Annar þáttur gæti verið að setja löngum skóladegi barna og ungmenna skýrari skorður sem og að innleiða vikulöng vetrarfrí í samráði við atvinnulífið eins og þau þekkjast víðast hvar í Evrópu. Þar með yrði sköpuð fjölskylduvænni umgjörð þar sem börn og fjölskyldur þeirra fengju rými til samveru og samvista á sínum forsendum.

Það er líða að lokum hjá mér en á næsta aðalfundi mun ég láta af störfum sem formaður samtakanna eftir átta ára stjórnarsetu og þar af fjögur ár sem formaður samtakanna. Samhliða formennsku minni fyrir Heimili og skóla hef ég einnig gegnt formennsku í Noko sem er samstarfsvettvangur foreldrasamtaka á Norðurlöndum. Formannsskipti hjá Noko verða því í haust þegar ráðstefna, sem öllu jöfnu er haldin á tvegga ára fresti en frestaðist vegna heimsfaraldursins, mun loks fara fram á sama tíma og við munum fagna 30 ára afmæli Heimilis og skóla.

Að gefnu tilefni vil ég nota tækifærið og þakka fyrir góðan og gefandi tíma um leið og ég þakka stjórn og starfsfólki samtakanna og öllum okkar samstarfsaðilum á vettvangi skóla-, mennta- og forvarnarmála fyrir samstarfið og mikilvægt og óeigingjarnt starf í þágu samtakanna. Vil einnig nota tækifærið og þakka Hrefnu Sigurjónsdóttur sérstaklega sem kvaddi samtökin 2021 eftir tíu ára farsælt starf sem framkvæmdastjóri samtakanna.

Ég vil að lokum hvetja alla þá sem brenna fyrir því að skapa betra skólasamfélag og efla foreldrasamstarf, hvort sem er á leik-, grunn- eða framhaldsskólastigi, að taka þátt í því mikilvæga forvarnarstarfi sem foreldrastarf í landinu er.

Landssamtökunum Heimili og skóla óska ég velfarnaðar um ókomin ár

VIÐAUKI: LÖG HEIMILIS OG SKÓLA - LANDSSAMTAKA FORELDRA

Nafn og aðsetur
1. gr. Samtökin heita Heimili og skóli, landssamtök foreldra. Aðsetur samtakanna er í Reykjavík.

Tilgangur, markmið og leiðir
2.gr. Hlutverk samtakanna er að efla foreldra í uppeldishlutverki sínu og veita þeim stuðning og hvatningu til virkrar þátttöku í skólasamfélaginu. Markmiðum sínum hyggjast samtökin ná með því meðal annars:

- að beita sér fyrir því að sjónarmið foreldra og barna séu virt þegar reglur eru settar og ákvarðanir teknar sem varða skóla-, uppeldis- og fjölskyldumál og að foreldrar sem slíkir eigi fulltrúa hvarvetna þar sem um þau mál er fjallað,
- að stuðla að og sjá um ein og/eða í samvinnu við aðra fræðslu-, ráðgjafar-, útgáfu og rannsóknarstarfsemi sem stuðlar að auknum áhuga, ábyrgð og áhrifum foreldra á skóla-, uppeldis- og fjölskyldumálum,
- að byggja upp og treysta samstarf og tengsl heimila og skóla svo og foreldra innbyrðis,
- að stuðla að umbótum á sviði skóla-, uppeldis- og fjölskyldumála og vekja athygli á því sem vel er gert, m.a. með því að veita viðurkenningar fyrir góð störf,
- að hafa samstarf við önnur samtök og félög innanlands og utan sem starfa í sama eða sambærilegum tilgangi

Aðild
3. gr. Fullgildir félagar að samtökunum eru þeir einstaklingar og aðal- og varafulltrúar hvers svæðaráðs í fulltrúaráðinu sem greiða félagsgjald. Foreldrafélög, foreldraráð, skólar og aðrir geta einnig óskað eftir aðild að samtökunum en hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundi.

Stjórnskipulag
4.gr. Samtökin eru óháð stjórnvöldum, trúfélögum og stjórnmálaflokkum. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum samtakanna. Hann skal halda árlega á tímabilinu 1. mars til 31. maí. Fundurinn skal auglýstur með 10 daga fyrirvara á heimasíðu samtakanna og samfélagsmiðlum þeirra. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Rétt til setu og atkvæðis á aðalfundi samtakanna eiga allir aðilar sem hafa staðið skil á félagsgjaldi yfirstandandi fjárhagsárs skv. 3. gr. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu, nema um breytingar á lögum þessum, sbr. 9. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera:
a) Kosning fundarstjóra og fundarritara
b) Skýrsla stjórnar um störf og starfsemi samtakanna lögð fram til umræðu og samþykktar
c) Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram
d) Kosning í stjórn samtakanna
e) Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara
f) Önnur mál

Heimilt er að breyta röð dagskrárliða á aðalfundi.

Stjórn
5. gr. Stjórn samtakanna skipa sjö einstaklingar þar með talinn formaður auk eins varamanns. Annað hvert ár eru á aðalfundi kosnir þrír stjórnarmenn til tveggja ára í senn og tveir hitt árið. Það ár kýs fulltrúaráð samtakanna einn stjórnarmann til tveggja ára. Formaður skal kosinn sérstaklega en aðrir stjórnarmenn í einu lagi. Ár hvert skal kjósa einn varamenn til eins árs. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund og kýs varaformann og ritara. Kjörgengir til stjórnarkjörs eru þeir sem eru félagar í samtökunum þegar kosning fer fram. Formaður skal ekki sitja lengur en tvö kjörtímabil í senn eða fjögur ár. Í umboði aðalfundar er hlutverk stjórnar að sjá til þess að samtökunum sé stýrt í samræmi við þessi lög, marka stefnu samtakanna, hafa eftirlit með rekstri þeirra og annast ráðningu framkvæmdastjóra. Stjórn kemur saman eigi sjaldnar en sex sinnum á ári og oftar ef þurfa þykir. Stjórn skal halda gerðabók þar sem bókuð eru öll mál sem tekin eru fyrir og afgreiðsla þeirra.

6.gr. Stjórn ræður framkvæmdastjóra samtakanna. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur samtakanna, skrifstofu þeirra og önnur þau verkefni sem stjórn felur honum.

7.gr. Svæðasamtök foreldra tilnefna fulltrúa þeirra svæðasamtaka foreldra, foreldrafélaga og foreldraráða sem eru félagar að samtökunum, til setu í fulltrúaráði samtakanna.Samtökin halda fund með fulltrúaráði að lágmarki tvisvar á ári. Fulltrúaráð er vettvangur foreldra og Heimilis og skóla til samráðs og samvinnu. Fulltrúaráð fjallar um eflingu foreldrastarfs, skólastefnu yfirvalda og velferð skólabarna. Þannig leitast landssamtökin við að efla tengsl við aðildarfélög víða um land og auka samskipti foreldra sín á milli og við stjórn samtakanna með það að markmiði að hvetja til virkari þátttöku foreldra í starfseminni.

Fjármál
8 gr. Tekjur samtakanna eru:
1. Félagsgjöld.
2. Styrkir.
3. Önnur fjáröflun.
Reikningstímabil og fjárhagsár samtakanna er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Stjórn samtakanna ákveður upphæð félagsgjalds. Samtökunum er heimilt að taka við styrkjum frá opinberum aðilum og öðrum sem vilja styðja þau.

Lagabreytingar
Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi samtakanna enda fái breytingartillaga 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur að breytingum þurfa að berast stjórn samtakanna ekki síðar en 10 dögum fyrir auglýstan aðalfund. Tillögur til breytinga á lögum þessum, sem stjórn samtakanna hyggst leggja fram, skal kynna um leið og boðað er til aðalfundar. Lög með breytingum frá aðalfundi haldin þann 10. júní 2021.

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

LAUGAVEGI 176, 105 REYKJAVÍK
SÍMI: 516-0100, HEIMILIOGSKOLI@HEIMILIOGSKOLI.IS